

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar auglýsir eftir nemum í starfsnám við íslenska skálann á Feneyjatvíæringnum 2022. Nemendur Háskóla Íslands geta sótt um styrki Erasmus styrk fyrir starfsnáminu.

Tímabilið allt nær yfir 32 vikur og skiptist í tvennt:

- 15. apríl – 15. ágúst
- 15. ágúst - 30. nóvember

Dagsetningar geta verið samkomulagsatriði.

Starfsnámið felur í sér eftirfarandi:

- Nemarnir kynnast listamanninum og fá yfirgripsmikla þekkingu á hans verkum.
- Aðstoð við undirbúning og framkvæmd sýningarinnar.
- Umsjón með yfirsetu sýningarinnar í íslenska skálanum.
- Upplifa hvernig mikilvægur listviðburður af þeirri stærðargráðu sem Feneyjatvíæringurinn er verður að veruleika.
- Fá starfsreynslu í hinum alþjóðlega listheimi, hafa möguleika á því að skoða allar sýningar Feneyjatvíæringins og kynnast hinni fallegu og sögulegu ítölsku borg Feneyjum.
- Nemendurhafa möguleika á því að hitta lykilmanneskjur í listheiminum, listamenn, sýningarstjóra, safnstjóra og blaðamenn og stækka þar sitt tengslanet.

Gert er ráð fyrir að hver starfsnemi vinni 30 stundir á viku á meðan vinnutíma stendur.

Umsóknarfrestur er til 10. desember – áhugasamir geta sent inn CV ásamt nafni, síma og námsári til audur@icelandicartcenter.is Frekari upplýsingar er einnig hægt að nálgast hjá audur@icelandicartcenter.is

Um listamanninn og sýninguna

Myndlistarmaðurinn Sigurður Guðjónsson er fulltrúi Íslands á Feneyjartvíæringnum 2022. Sigurður Guðjónsson er þekktur fyrir magnþrungin vídeóverk þar sem mynd, hljóð og rými mynda órofa heild. Hann sýndi fyrst um aldamótin síðustu í listamannareknum rýmum í Reykjavík, en dökk og ágeng vídeóverk hans vöktu strax athygli.

Sigurður á yfir tuttugu einkasýningar að baki víðs vegar um heiminn, en hann hlaut auk þess Íslensku myndlistarverðlaunin árið 2018 fyrir verk sitt *Innljós* í kapellu og líkhúsi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði á vegum Listasafns ASÍ. Hans nýjasta verk ber titilinn *Enigma* og verður verkið meðal annars til sýnis í Kennedy Center í Washington, Adler Planetarium í Chicago og Carnegie Hall í New York á umfangsmikilli sýningarvegferð sinni um heiminn sem nú stendur yfir.

Sigurður notar vídeó í verkum sínum sem fangar áhorfandann gegnum takt og endurtekningu og tengir mynd og hljóð á þann hátt að þau virðast víkka skynsviðið og vekja nýjar kenndir. Hann er sífellt að víkka út sköpunarsviðið en verk hans bera sterk persónuleg einkenni og ná að skapa undarlega nánd sem aftur styrkir enn frekar skynhrifin.

Sigurður Guðjónsson er fæddur árið 1975 í Reykjavík. Hann stundaði nám við Billedskolen í Kaupmannahöfn 1998-1999, Listaháskóla Íslands 2000 -2003 BA og Akademie Der Bildenden Kunste í Vínarborg 2004

Feneyjatvíæringurinn

Feneyjatvíæringurinn er einn elsti og virtasti listviðburður heims, stofnaður árið 1895. Ísland hefur tekið þátt í tvíæringnum frá 1960. Til margra ára, eða allt frá 1984, var íslenska sýningin í finnska skálanum sem var leigður af Finnum, en sá skáli er staðsettur inni í hinum svonefndu Görðum tvíæringins þar sem margar þjóðir hafa byggt sína eigin skála. Frá því að Kynningarmiðstöðin tók við framkvæmd verkefnisins árið 2007 hefur íslenski skálinn hins vegar verið staðsettur í húsnæði víðs vegar um borgina.

Að þessu sinni verður íslenski skálinn innan aðalsvæðis tvíæringins, Arsenal.